

Marita – samtökin í heimsókn



Allir hinir mega það!

Mánudaginn 26. október fer fram forvarnarfræðsla í grunnskólanum fyrir 7. og 8. bekkinga og foreldra þeirra á vegum Maritasamtakanna. Börn fá fræðslu að morgni sama dags en forráðamenn að kvöldi kl. 20:00 á sal skólans. Samtökin hafa komið margsinnis í skólana og ber öllum saman um að um árangursríka fyrirlestra sé að ræða. Það á ekki síður við um fyrirlesturinn fyrir foreldra sama kvöld kl. 20.00.

Maritafræðslan vill hvetja til þess að áfram sé haldið því mikilvæga starfi að fræða unglinga og foreldra um skaðsemi vímuefna.

Vegna efnahagsástandsins sem nú ríkir aukast hætturnar sem ungmenni og foreldrar þurfa hugsanlega að takast á við. Við verðum að varðveita þann góða árangur sem náðst hefur í forvörnum.

Skoðað verður með foreldrum:

Tölvunotkun barna, ofbeldi í tölvuleikjum, sjónvarpsþættir, auglýsingar, aukin klámvæðing, MSN, Facebook og o.fl.

Mætum öll og verum vakandi fyrir því að vernda börnin okkar í öllum kringumstæðum.

Umsagnir foreldra um Maritafræðsluna má sjá hér fyrir neðan:

Sæll Magnús

Ég sat fyrirlestur þinn í gærkvöldi í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.

Erindi mitt er einfaldlega að þakka fyrir frábæran fyrirlestur og mjög vel gerða og áhrifamikla mynd. Ég hef fulla trú á að myndin og fundur ykkar með börnum okkar muni hafa sitt að segja við að halda þeim frá vímuefnum.

Þið eruð greinilega að vinna mjög gott og þarft starf og af hugsjón. Það skilar sér örugglega að byrja svo snemma, áður en þeim dettur í hug að prófa hitt og þetta og halda að slíkt sé saklaust.

Bestu þakkir

Sæll Magnús,

ég er foreldri í Austurbæjarskóla og á börn bæði í 8. og 9. bekk. Ég mætti í gærkvöldi á fund og kynningu hjá þér en komst ekki til þess að þakka þér fyrir. Þér tekst mjög vel að fjalla um erfið mál sem margir foreldrar hafa áhyggjur af og sumir foreldrar lítinn skilning eða þekkingu á. Þetta gerir þú þannig að alvarleiki málsins fer ekki fram hjá neinum, en samt um leið tekst þér alltaf að létta andrúmsloftið inn á milli.

Ágæti Magnús!

Með nokkrum orðum langar mig að þakka þér fyrir frábæran fyrirlestur, sem þú hélt í Nesskóla í gær.

Ég var hjá þér fyrir þremur árum síðan (strákurinn minn þá í 8. bekk) en samt sem áður komst þú inn á nýja hluti og hristir vel upp í manni sem uppalandi.

Það er t.d. alltaf þörf að minna mann á "Já-reglurnar", sem ég hef reynt að halda, við mis mikla ánægju sonarins, t.d. þegar ég hringi heim til foreldra í staðinn fyrir gemsann hans.

Sæll Magnús

Kærar þakkir fyrir FRÁBÆRAN FYRIRLESTUR, þriðjudagskvöldið sl. í Öldutúnsskóla.

Það er alveg á kristaltæru að þú ert frábær fyrirlesari og kemur efninu hnökralaust og á mannamáli til skila.

Það er heldur ekki sama hvernig þessu efni er komið til skila til unglínganna okkar, en þér tekst það með frábærum árangri.



Blessaður Magnús og takk fyrir góðan fund í kvöld í Borgarhólsskóla:)

Ég var nú alls ekki viss hvort ég ætlaði að gefa mér tíma til að fara í kvöld. Ég á tvö börn sem eru í 9 og 10 bekk, og auðvitað þykist maður vera á varðbergi fyrir þessu eins og öðru sem snýr að börnunum.

Það var ekki fyrr en um miðjan dag í dag að ég ákvað að fara, eða þegar þau komu úr skólanum full áhuga um fundinn og sögðu mér mikið um hann, þá kviknaði meiri áhugi hjá mér.

Ég vil bara þakka kærlega fyrir bæði skemmtilegan og fróðlegan fund:)

Sæll Magnús.

Ég vildi bara þakka þér aftur fyrir afar góðan fyrirlestur og frábæran og skeleggan flutning á honum í Austurbæjarskólanum á miðvikudaginn síðastliðinn. Það sem ég kunni svo vel að meta er hvað þú fjallaðir um efnið í víðu samhengi, fírst líka inn á öll áreitni í auglýsingum, á netinu, í textum á tónlist, tölvuleikjum og svo framvegis. Myndin fannst mér mjög vel gerð, engin tilgerð, hún snerti mann mjög! klippingar góðar og atriðin öll hæfilega löng, lagið og textinn magnað.